



- Gróska -

Stöðlun í þjónustugreinum

Mikil gróska í stöðlun innan þjónustugreina. Til vitnis um það má nefna staðla um útfararþjónustu, flutning búslóða, þjálfun leiðsögunna, pósthjónustu, ræstingþjónustu og margt fleira..

Örug og fagleg þjónusta

Þjónustutillskipun Evrópusambandsins frá 2006 miðar að því að útrýma tæknilegum viðskiptahindrunum í viðskiptum með þjónustu milli landa og að auðvelda aðilum að setja á lagginnar þjónustustarfsemi í hvaða landi innri markaðarins sem er. Tillskipunin hnykkir á réttindum viðtakenda þjónustu, sem geta verið neytendur eða fyrirtæki. Jafnframt miðar þjónustutillskipunin að því að auka gæði þjónustu og upplýsingaflæði og gagnsæi við veitingu þjónustunnar.

Stöðlun í þjónustugreinum getur komið að miklu gagni t.d. þegar verið er að bjóða út tiltekna þjónustu, svo sem ræstingu, öryggisgæslu, flutninga og fleira. Í stöðlum er hægt að skilgreina ferli og gæðakröfur sem þjónustan á að uppfylla. Þannig getur stöðlun auðveldað viðskipti með þjónustu milli fyrirtækja. Stöðlun getur einnig komið að gagni þegar um er að ræða þjónustu sem veitt er einstaklingum, svo sem fjármálaráðgjöf, köfunarkennslu, búslóðaflutning og ferðaleiðsögn.

Í stöðlunum eru settar fram kröfur sem veitendur þjónustunnar eiga að uppfylla til að tryggja fagmannlega þjónustu og öryggi.

Hér á Íslandi hefur stöðlun í þjónustugreinum ekki verið sýndur mikill áhugi. Þó hafa einstakir aðilar leitað eftir upplýsingum um tiltekna evrópska staðla sem hafa verið í vinnslu, og hafa fylgst með staðlagerðinni á lengdar án þess að taka þátt í henni. Gera má ráð fyrir að áhugi aukist þegar þjónustutillskipunin verður að fullu komin til framkvæmda. Tillskipunin gerir ráð fyrir notkun staðla til að auka gæði þjónustu og tryggja upplýsingaflæði og samhæfingu í veitingu þjónustu.

Norrænt staðlasamstarf

Nú eru nokkur samnorræn verkefni á döfinni þar sem verið er að skoða hvernig hægt er að nýta stöðlun til að styðja við kröfur þjónustutillskipunar ESB, sem öll Norðurlöndin eiga að leiða í lög. Einnig er í undirbúningi að kanna þörfina fyrir gerð staðla á sviði öryggisþjónustu og öldrunarþjónustu, en bæði þessi svið eru undanþegin þjónustutillskipuninni. Á þessum sviðum sjá menn fyrir sér að semja samnorræna staðla, eða jafnvel evrópska staðla ef áhugi virðist vera víðar en á Norðurlöndunum.



Guðrún Rögnvaldardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk InnovationsCenter, NICE) hefur styrkt þessi verkefni. Nýlega auglýsti NICE eftir umsóknum um styrki til verkefna sem eiga að auðvelda litlum og meðalstórum þjónustufyrirtækjum að auka þekkingu sína á stöðlum og nýtingu þeirra. Styrkirnir ná einnig til verkefna sem auðvelda þessum fyrirtækjum að taka virkan þátt í staðlastarfi.

Frekari upplýsingar er að finna á vef NICE, www.nordicinnovation.net.

Námskeið 7. október

Hagnýting rafrænna reikninga

Námskeið fyrir fjármálastjóra og framkvæmdastjóra sem vilja nýta hagræði af rafrænum reikningum.

Markmið:

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist skilning á nýtingu staðlaðra rafrænna reikninga. Hvernig nota má rafræna reikninga til aukins hagræðis, draga úr kostnaði, auka skilvirkni við sendingu og móttöku og úrvinnslu reikninga í bókhaldi.

Staðladagurinn - bls. 2

Leikvallastaðlar - bls. 3

Næstu námskeið - bls. 4

- Staðladagurinn 14. október 2010 -

Staðlar auðveldra aðgengi allra

Íheiminum búa að minnsta kosti 650 milljónir manna við einhvers konar fötlun. Fjórðungur allra borgara í þróuðum löndum er eldri en 60 ára. Árið 2050 munu þróunarlöndin hafa náð sama marki.

Nýttast öllum

Aðgengi er sífellt meira knýjandi eftir því sem meðalaldur fólks vex og fólk með fötlun krefst í auknum mæli sama aðgengis og aðrir, í félagslífi, stjórnámálum og efnahagslífi. Fyrir fatlaða, eins og ófatlaða, er aðgengi að upplýsingum og samskiptatækjum jafnmikilvægt og að geta notað lyftur, komist inn í byggingar, ferðast, eða kveikt á tæki og notað á öruggan máta.

Aðgengi er ekki aðeins mikilvægt fyrir eldra fólk og fatlaða. Allir geta, hvenær sem er á lífsleiðinni, þurft að glíma tímabundið við skert aðgengi. Þá geta einföld hversdagsleg verk orðið mjög flókin. Alþjóðlegir staðlar leiðbeina framleiðendum um hvernig hanna á vöru og þjónustu sem er aðgengileg fyrir alla.

- Vel hönnuð skábraut fyrir hjólastól, sem er í samræmi við alþjóðlegan staðal, getur reynst gagnleg fyrir nýbakaða móður með barnavagn.
- Tæki með stórum rofa getur gert einhverjum auðveldara fyrir sem er meiddur á hönd.



Jacques RÉGIS, Forseti IEC.

Dr. Alan MORRISON, forseti ISO.

Dr. Hamadoun TOURÉ, framkvæmdastjóri ITU

- Skynjari sem hindrar að dyr lokist getur komið í veg fyrir slys á þeim sem er hreyfihamaður vegna bakmeiðsla.
- Litli upphleypti punkturinn á hnappi 5 á símanum gerir auðveldara að finna númerin – kemur sér vel fyrstu dagana eftir augnaðgerð.

Alþjóðlegir staðlar auðveldra aðgengi allra að vörum, byggingum og þjónustu. Staðlarnir innihalda atriði sem varða öryggi, vinnuvistfræði og samræmdar

prófunaraðferðir. Staðlar eru einnig vettvangur fyrir útbreiðslu tækninýjunga, bæði í þróuðum ríkjum og í þróunarríkjum. Þeir flýta fyrir stækkun markaða og auka heimsviðskipti.

IEC, ISO og ITU samræma starfsemi sína og bjóða upp á stöðlunarkerfi sem auðveldar hönnuðum, framleiðendum og þeim sem sjá um stefnumörkun, að gera heiminn öruggari og aðgengilegri fyrir alla, bæði nú og til framtíðar.

- Aðild að Staðlaráði -

Hugleiddu kostina

Fyrirtæki og félög sem gerast aðilar að Staðlaráði

- leggja sitt af mörkum til að efla staðlastarf á Íslandi, til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskan almenning,
- geta haft áhrif á staðlastarf á þeim fagsviðum sem skipta þau mestu máli,
- fá tækifæri til að taka þátt í gerð íslenskra staðla,

- njóta afsláttarkjara við kaup á stöðlum,
- geta fylgst með og tekið þátt í evrópskri og alþjóðlegri staðlagerð,
- hafa aðgang að nýjustu upplýsingum um gildandi og væntanlega staðla, íslenska sem alþjóðlega,
- geta tekið þátt í að móta stefnu í staðlamálum, með því að koma hagsmunamálum sínum á framfæri innan Staðlaráðs eða fagstaðlaráða þess,

- hafa atkvæðisrétt á aðalfundi Staðlaráðs og áhrif á mikilvægustu ákvarðanir þess.

Aðild að Staðlaráði Íslands er öllum heimil. Sækja má um aðild á www.stadlar.is. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta haft samband við Guðrúnu Rögngvaldardóttur, framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands, í síma 520 7150 eða með tölvupósti, guðrun@stadlar.is.

- Leikvallastaðlar -

Ábyrgð fylgir rekstri leiksvæða

Árið 2002 kom út reglugerð nr. 942 um Öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallataeki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt.

Hönnun uppfylli staðla

Leiksvæði og leikvallataeki skulu samkvæmt reglugerðinni uppfylla m.a. eftirfarandi staðla:

- ÍST EN 1176-1: 2008
Hluti 1: Almennar öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
- ÍST EN 1176-2: 2008
Hluti 2: Rólur, sérkröfur um öryggi og prófunaaðferðir.
- ÍST EN 1176-3: 2008
Hluti 3: Rennibrautir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
- ÍST EN 1176-4: 2008
Hluti 4: Hlaupakettir, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
- ÍST EN 1176-5: 2008
Hluti 5: Hringekjur, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
- ÍST EN 1176-6: 2008
Hluti 6: Rugguhestar, sérkröfur um öryggi og prófunaraðferðir.
- ÍST EN 1176-7: 2008
Hluti 7: Leikvallataeki, leiðbeiningar um uppsetningu, eftirlit, viðhald og rekstur.
- ÍST EN 1177: 2008
Yfirborðsefni á leiksvæðum, öryggiskröfur og aðferðir við prófun.

Auk þessara staðla eru til staðlar fyrir fótboltamörk, körfuboltaspjöld og fleiri tæki.

Leiksvæði er skilgreint í reglugerðinni sem svæði, hvort sem er innan dyra eða utan, skipulagt fyrir leik barna svo sem í eða við leikskóla, skóla, gæsluvelli og opin leiksvæði. Einnig leiksvæði annarra aðila sem börn eiga greiðan aðgang að eða eru ætluð börnum, svo sem í eða við fjöleignarhús, frístundahús, tjaldsvæði, verslunarhúsnaði og samkomustaði.



Dæmi um hengingarhættu þar sem reimar á úlpu geta fests í leiktæki.

Hönnuðir slíkra leiksvæða þurfa að taka mið af þeim lágmarks öryggiskröfum sem gerðar eru í framangreindum stöðlum, bæði við hönnun leiksvæðanna og bygginga sem þar rísa.

Ábyrgð rekstraraðila

Rekstraraðilar þurfa að gera þá kröfu til hönnuða að hönnunin uppfylli viðeigandi staðla.

Þeir bera einnig ábyrgð á að leiksvæðin séu skoðuð árlega af faggildum aðila. Árleg aðalskoðun er heildarúttekt á öryggi leikvallataekja, yfirborðsefna og undirstaðna undir leikvallataekjum. Skoðunin tekur einnig til breytinga sem geta haft áhrif á öryggi, svo sem vegna viðgerða, ísetninga nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja.




Örn Alexandersson, gæðastjóri BSI á Íslandi.

Faggildur aðili

Eftir 1. janúar 2006 máttu þeir einir framkvæma aðalskoðun leiksvæða sem hlotið hafa faggildingu til þess. Faggildur aðili er hlutlaus þriðji aðili sem ekki á hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður skoðunar og hefur sérþekkingu á ofangreindum stöðlum.

Staðlar fela í sér uppsafnaða sérþekkingu á því hvernig hönnun, frágangur og viðhald leikvalla og leikvallataekja sé sem öruggast. Byrgjum brunninn áður en barnið dettur ofan í hann.

Fjöldi skoðaðra leiksvæða frá 2005 (Ætlaður fjöldi leiksvæða er um 1000 á landinu)



Tæp 14% leiksvæða voru skoðuð af faggildum aðila árið 2009.



- Haustönn -

Námskeið á næstunni

Staðlaráð heldur námskeið um notkun Staðla, almenn námskeið sem og sérnámskeið fyrir fyrirtæki, félög og stofnanir. Við leggjum metnað okkar í að bjóða upp á námskeið sem hafa skýr námsmarkmið og skila þátttakendum aukinni færni.

Hagnýting rafræna reikninga - 7. október

Námskeið fyrir fjármálastjóra og framkvæmdastjóra sem vilja nýta hagræði af rafrænum reikningum.

MARKMIÐ námskeiðsins er að þátttakendur öðlist skilning á nýtingu staðlaðra rafræna reikninga. Hvernig nota má rafræna reikninga til aukins hagræðis, draga úr kostnaði, auka skilvirkni við sendingu og móttöku og úrvinnslu reikninga í bókhaldi.

Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001 - Lykilatriði, uppbygging og notkun - 28. október

MARKMIÐ námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir lykilatriðum staðlanna ISO/IEC 27002 og ISO/IEC 27001 og

þekki hvernig þeim er beitt við stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum.

ISO 9000 - Innri úttektir samkvæmt ISO 19011 - 4. nóvember

Námskeið fyrir þá sem vilja læra að gera innri gæðaúttektir samkvæmt úttektarstaðlinum ISO 19011 eða þurfa að þekkja framgang gæðaúttekta.

MARKMIÐ námskeiðsins er að þátttakendur skilji til hlítar tilgang og ferli innri úttekta á gæðakerfi samkvæmt ISO 19011, geti gert grein fyrir mikilvægustu atriðum slíkra úttekta og séu að loknu námskeiðinu færir um að framkvæma innri úttekt í samvinnu við reyndan úttektarmann.

Tæknileg innleiðing rafræna reikninga - 18. nóvember

Námskeið fyrir tæknimenn sem annast útfærslu og innleiðingu á rafrænum reikningum.

MARKMIÐ námskeiðsins er að þátttakendur öðlist skilning á uppbyggingu staðla fyrir rafræna reikninga og geti innleitt slíka




reikninga samkvæmt tækniforskriftinni TS 135.

CE-merking véla - Fyrir framleiðendur og innflytjendur véla - 8. desember

Námskeið fyrir framleiðendur og innflytjendur véla.

MARKMIÐ námskeiðsins að þátttakendur verði færir um að greina hvort vörur falli undir vélatilskipun ESB og læri hvernig á að CE-merkja slíkar vörur.



Staðlar létta þér lífið...

... þegar þú vilt ekki heyra meira.

Staðallinn ÍST EN 13819-2:2002 *Heyrnarhlífur - Prófun - 2. hluti: Hljóðtæknilegar prófunaraðferðir*, er íslenskur staðall sem stuðlar að heyrnavernd.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.